# BENT STEINSTEYPA,

# ýmis atriði, skýringar, athugasemdir og leiðbeiningar

## 1. STEINSTEYPA

### 1.1 Brotþolsflokkun

Brotþolsflokkur steinsteypu sem nauðsynlegur er í hverjum byggingahluta er tilgreindur í 1.3. hér að neðan. Brotþolsflokkar eru skilgreindir samkvæmt ENV 206 og táknaðir með C15 til C50, þar sem talan táknar tilskilið brotþol 150 x 300 mm sívalninga.

### 1.2 Samsetning

Fylliefni steypunnar, þ.e. möl og sandur, skulu uppfylla kröfur byggingareglugerðar er varðar virkni fyrir alkali-kísil efnabreytingum. Sáldurferill fylliefna skal að jafnaði liggja innan marka sem sýnd eru á Rb blaði Rb.Ep.002. Öll steypa sem verður fyrir áhrifum frosts skal vera loftblendin og skal loftmagnið vera skv. 1.3 mælt á byggingastað með rúmmálsaðferð rétt áður en steypan er lögð í mót. Notkun íblöndunarefna er háð samþykki verkkaupa.

### 1.3 Upplýsingar um steypu

**C25-steypa**

Þessi steypa komi í sökkla, innveggi, plötur og útveggi.
Steypan skal uppfylla eftirfarandi skilyrði.
Styrkleikaflokkur skv. CEB: C25.
Loftmagn 6 - 8% (mælt rétt fyrir niðurlögn og eftir dælingu ef dælt er).
Lágmarks sementsmagn 300 kg/m³.
Vatns/sementshlutfall undir 0,50.
Hámarkskornastærð er almennt 24 mm.
Reikna skal með að leggja niður steypuna með sigmál á bilinu 150-180 mm og að því sigmáli verði náð með sérvirkum þjálniefnum.

**Tafla 1 Steypuhulur járna**

| |
|---|
| **Að jarðvegi**<br>Undirstaða sem fyllt er að 30 mm |
| **Veggir**<br>Innanhúss almennt 20 mm.<br>Veggir í kjallara 20 mm.<br>Utanhúss ( kaldir fletir ) 30 mm |
| **Plötur**<br>Almennt neðra borð innanhúss 20 mm<br>Efra borð þar sem ílögn kemur ofaná innanhúss 15 mm<br>Efra borð utanhúss 25 mm |
| *Þar sem raufar eru gerðar í steypuyfirborð skal járnahula skv. töflu 1 miðast við mál frá steypuyfirborði í rauf að járni.* |

20 JÚNI 2002
V.G.

| ÚTG. | BREYTING | DAGS. | NAFN |
|---|---|---|---|

260266-4709 A2

Erluás 31, Hafnarfirði
Íbúðarhús
Bent steinsteypa
Skýringarblað

| TEIKNINÚMER | MÆLIKVARÐI | ÚTGÁFA |
|---|---|---|
| BM02ER-011 | | |

| Línuhönnun verkfræðistofa SÍMI: 585 1500, FAX: 585 1501 | | NAFN | DAGSETNING |
|---|---|---|---|
| | HANNAÐ | BB | 03.06.2002 |
| | TEIKNAÐ | HIS | 03.06.2002 |
| | YFIRFARIÐ | | |

SAMÞ.: 050846-7855

M/erluás 31/teikningar/teikningar LH/erluás 31 steypu skýr2